

Skóli

Fjölgreindakenningin

Howard Gardner

Nafn nemanda

Kennitala

Áfangi

Önn

Kennari: Nafn kennara

Efnisyfirlit

Bls.

GREINDIRNAR ÁTTA	3
MÁLGREIND	3
RÝMISGREIND	3
TÓNLISTARGREIND.....	3
RÖK- OG STÆRÐFRÆÐIGREIND	3
LÍKAMS- OG HREYFIGREIND.....	4
SAMSKIPTAGREIND – FÉLAGSGREIND.....	4
SJÁLFSÞEKINGARGREIND	4
UMHVERFISGREIN – NÁTTÚRUGREIND.....	4
HEIMILDASKRÁ	5

Greindirnar átta

Fjölgreindakenningin er kenning eftir Howard Gardner sem skiptir greind í nokkur svið. Gardner telur að greindarhugtakið eigi að ná yfir alla getu fólks til að vinna úr upplýsingum og skapa eitthvað nýtt; samkvæmt henni er því ekki bara til ein gerð greindar heldur átta og jafnvel fleiri tegundir.

Samkvæmt upphaflegri útgáfu kenningar Gardner eru greindirnar sjö talsins. Hver manneskja hefur ekki aðeins eina þeirra heldur allar, í mismiklum mæli þó.

Seinna bætti Gardner við áttundu greindinni, umhverfisgreind, og velti upp hugmynd að þeirri níundu, tilvistargreind.

1. Málgreind
2. Rök- og stærðfræðigreind
3. Rýmisgreind
4. Líkams- og hreyfigreind
5. Tónlistargreind
6. Samskiptagreind
7. Sjálfsþekkingargreind
8. Umhverfisgreind

Málgreind

Málgreind er hæfileikinn til að tjá sig, að geta skrifað vel og talað vel. Þeir sem eru með mikla málgreind hafa oft mikinn orðaforða, skrifa góðan texta og eiga auðvelt með að flytja ræður og læra erlend tungumál.

Hjá rithöfundum er þessi tegund greindar ákaflega þroskuð og getur rökfræði þeirra verið hárbætt ekki síður en hjá stærðfræðisningum.

Rýmisgreind¹

Rýmisgreind er hæfileikinn til að geta séð hluti fyrir sér, ímyndað sér og séð í huganum hvernig hluturinn kemur út.

Ratvísi frumstæðra manna hefur lengi verið furðuefni siðmenntuðum mönnum, en þeir sem hafa þessa tegund greindar geta alltaf ratað á áfangastað hvort heldur þeir eru staddir á sjó eða landi. Þeir hafa sterka tilfinningu fyrir áttum og umhverfi og eiga því til að mynda ekki í nokkrum vandræðum með að rata í ókunnri stórborg. Þeir þekkja einnig hluti og umhverfi aftur eftir langan tíma jafnvel þótt breyting hafi orðið á.

Tónlistargreind

Tónlistargreind – eða hæfileikinn til að skynja, skapa og njóta tónlistar. Skapandi tónlistargreind hefur ekki mikið með beina hugsun að gera. Tónlistargreind stendur ein og sér og hefur það sannast á börnum sem hafa frábæra tónlistarhæfileika þótt greind þeirra á öðrum sviðum sé í lágmarki.

Að öllum líkindum gengur tónlistargreind í erfðir, og ef hæfileikar barna á þessu sviði eru þjálfaðir strax í æsku getur árangurinn orðið ótrúlegur síðar meir.

Rök- og stærðfræðigreind

Rök- og stærðfræðigreind er hæfileikinn til að vinna með tölur, rökfræði og kerfi. Þegar barn fer að skynja umhverfi sitt, stígur það inn í veröld rökhusunar og þroskar með sér hæfileikann til að hugsa óhlutstætt í tölum, myndum og hugtökum.

Rökgreind kemur tilfinningum lítið við, en góðar gáfur á þessu sviði hafa lengi verið í hávegum hafðar í flestum vestrænum þjóðfélögum. Þeir sem eru með rök- og stærðfræðigreindir eiga auðvelt með að vinna með tölur og mynstur. Þeir eru gjarnan góðir í stærðfræði, vísindum og forritun.

¹ Þessi gáfa mannsins fer vaxandi eftir því sem hann eldist. Greindin er mjög þróuð hjá t.d. leiðsögumönnum, hönnuðum, arkitektum, listamönnum og uppfinningamönnum.

Líkams- og hreyfigreind

Hreyfigreind er sérþekking í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar og leikni í að nota hendurnar til að búa til eða umbreyta hlutum.

Skurðlæknar og látbragðsleikarar sýna til að mynda mikla hæfni á þessu sviði, en þeir geta stjórnað ákveðnum hluta líkama síns af einstakri nákvæmni. Þetta gildir einnig um dansara, sundmenn og aðra íþróttamenn, myndhöggvara, tennisleikara, píanóleikara, leirkerasmiði og veggfóðrara svo dæmi sé tekið.

Samskiptagreind – Félagsgreind

Félagsgreind er hæfileikinn til að eiga góð samskipti við aðra, fá aðra til að líða vel og lesa í líkamsmál.

Þeir sem búa yfir þessum hæfileikum eiga mjög auðvelt með að umgangast fólk. Þeir sýna skilning og virðast skynja tilfinningar og líðan annarra og eiga auðvelt með að koma á sáttum, hvort sem er í fjölskyldu eða fyrirtæki. Hjá börnum kemur þessi hæfileiki fljótlega í ljós þegar þau bregðast við fólki og umhverfi á mismunandi hátt. Þeir sem hafa ekki þessa félagsgáfu eru yfirleitt erfiðir í sambúð. Fólk með háa samskiptagreind sómir sér oft vel sem kennarar, stjórnáamenn eða sölumenn.

Sjálfsþekkingargreind

Sjálfsþekkingargreind² er hæfileikinn til að þekkja sjálfan sig og aðlagast umhverfinu. Greindin felur í sér að hafa rétta mynd af hæfileikum sínum og takmörkunum, vera meðvitaður um skapbrigði sín. Þessir eiginleikar mynda hæfileikann til sjálfstjórnunar.

Þeir sem svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar. Sá einstaklingur sem býr yfir innsæishæfileikum þekkir sjálfan sig og eigið tilfinningalíf. Þegar menn skilja innra líf sitt, fara þeir mýkri höndum um eigin tilfinningar en ella og öðlast ákveðna víðsýni. Innsæi er algengt hjá góðum rithöfundum og eldra fólki sem hefur upplifað andlegt ríkidæmi.

Umhverfisgrein – Náttúrugreind

Umhverfisgreind er hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni.

Fólk með háa umhverfisgreind er næmt fyrir umhverfi sínu: Jurtum, dýrum, fjöllum, skýjafari og svo framvegis. Það er gjarnt til að velja sér starfsgreinar eins og náttúrufræði og umhverfisfræði. Náttúrugreind er hæfileikinn til að þekkja og flokka plöntur, steintegundir og dýr o.fl.

Setjið dagsetninguna hér – Eyðið síðan þessum texta

Setjið nafnið ykkar hér (skáletrað) – Eyðið síðan þessum texta

² Sjálfsþekkingargreind er hæfni til sjálfsögunar og lýsir sér m.a. í skýrri sjálfsmynd og þekkingu einstaklingsins á styrk sínum og veikleikum.

Heimildaskrá

Ein stefna fyrir alla nemendur. (2002, 5. september). *Morgunblaðið. Skólar og menntamál.*

Gunnar Hersveinn. (2001, 23. janúar). Margþættar námsgáfur skólabarna. *Morgunblaðið. Skólar/Menntun.*
<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/584771/>

Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir. (2015, 2. ágúst). Fjölgreindakenningin fyrir börn. *Wikibækur, Frjálsa kennslubókaverkefnið.*
https://is.wikibooks.org/w/index.php?title=Fj%C3%B6lgreindarkenningin_fyrir_b%C3%B6rn&oldid=26632